

Lög

um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum.

1. gr.

2. tölul. 1. mgr. 14. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

2. og 3. mgr. 18. gr. laganna falla brott.

3. gr.

2. mgr. 19. gr. laganna orðast svo:

Lánveiting samkvæmt ÍLS-veðbréfi getur numið allt að 90% af matsverði íbúðar. Taka ber tillit til framar áhvílandi lána þannig að ÍLS-veðbréfið sé innan þessara marka. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið hámarksfjárhæð ÍLS-veðbréfa sem miðast við að veðbréfið hvíli á fyrsta veðrétti. Ella skulu uppfærð, framar áhvílandi lán koma til frádráttar hámarksfjárhæð.

4. gr.

22. gr. laganna orðast svo:

Íbúðalánasjóður gefur út íbúðabréf. Íbúðabréf skulu gefin út sem framseljanleg rafrænt eignaskráð veðbréf.

5. gr.

Við 23. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. getur félagsmálaráðherra heimilað Íbúðalánasjóði með reglugerð, í samræmi við almennar lagaheimildir á hverjum tíma, að bjóða skuldurum ÍLS-veðbréfa að afsala sér rétti til þess að greiða án þóknunar upp lán eða greiða aukaafborganir, gegn lægra vaxtaálagi. Jafnframt skal í reglugerðinni kveðið á um hlutfall þóknunar sem Íbúðalánasjóður getur áskilið sér ef lántaki, sem afsalar sér umræddum rétti, hyggst greiða upp lán fyrir lok lánstíma. Slík þóknun skal aldrei nema hærri fjárhæð en nemur kostnaði Íbúðalánasjóðs vegna uppgreiðslu viðkomandi láns.

6. gr.

VII. kafli laganna fellur brott.

7. gr.

4. mgr. 36. gr. laganna orðast svo:

Vextir af lánnum til leiguíbúða geta verið fastir eða breytilegir. Fastir vextir og vaxtaálag ákveðast á sama hátt og vextir ÍLS-veðbréfa, sbr. 21. og 28. gr., en stjórn Íbúðalánasjóðs skal við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert ákveða breytilega vexti. Ráðherra getur heimilað Íbúðalánasjóði með reglugerð að bjóða lántakendum skv. 1. mgr. að afsala sér rétti til þess að

greiða án þóknunar upp lán eða greiða aukaafborganir, gegn lægra vaxtaálagi. Jafnframt skal í reglugerðinni kveðið á um hlutfall þóknunar sem Íbúðalánasjóður getur áskilið sér ef lántaki sem afsalar sér umræddum rétti hyggst greiða upp lán fyrir lok lánstíma. Slík þóknun skal aldrei nema hærri fjárhæð en nemur kostnaði Íbúðalánasjóðs vegna uppgreiðslu viðkomandi láns.

8. gr.

Á eftir 2. másl. 2. mgr. 44. gr. laganna kemur nýr málslíður er hljóðar svo: Á sama hátt getur ráðgjafarnefnd fært raunvexti af 3. tölul. til annarra verkefna sjóðsins.

9. gr.

2. og 3. mgr. 45. gr. laganna falla brott.

10. gr.

Við lög in bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er hljóðar svo:

Við eigendaskipti á íbúð, sem á hvílir viðbótarlán, skal leita samþykkis Íbúðalánasjóðs um yfirtöku nýs eiganda á þeim lánum sem ætlað er að hvíla áfram á eigninni. Að öðrum kosti hefur sjóðurinn heimild til að gjaldfella lánið.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Viðbótarlán sem samþykkt hafa verið fyrir gildistöku laganna skulu afgreidd samkvæmt ákvæðum VII. kafla laganna og reglugerðar um viðbótarlán.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 44/1998, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt með samfelldri greinatölu og kaflanúmerum.

Samþykkt á Alþingi 2. desember 2004.